

Umhverfisnefnd Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2008  
2008020014/42-1-3  
JGO/mfb

## Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um Loftslagsráð (62. mál)

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 14. febrúar sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð (62. mál). Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að setja á fót Loftslagsráð sem fái margþætt hlutverk er varðar hin ýmsu verkefni þjóðfélagsins er tengjast loftslagsbreytingum.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að til sé samráðsvettvangur um loftslagsmál eins og tillagan gerir ráð fyrir og að sá vettvangur sé með víðtæka aðild og á forræði umhverfisráðherra. Stofnunin bendir á að umhverfisráðherra hefur sett á laggirnar tvær nefndir sem gegna þessu hlutverki núna að einhverju leyti. Annarsvegar er *Vísindanefnd um loftslagsbreytingar* og hins vegar *Sérfræðinganefnd um minnkun nettólosun gróðurhúsalofttegunda* (skelfilegt nafn!). Hlutverk þessara nefnda er að miklu leyti líkt því sem Loftslagsráði er ætlað skv. tillögunni til þingsályktunar, en ekki jafn víðtækt.

Náttúrufræðistofnun ítrekar þá skoðun að samráðsvettvangur á forræði umhverfisráðherra sé mikilvægur á þessu sviði, en tekur ekki afstöðu til þess hvernig hann er settur upp eða hver eigi aðild að honum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

